

HANDBÓK FYRIR ÍÞRÓTTASTARF GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2023-2027



INNANGANGUR

Þessi handbók hefur þann tilgang að móta stefnu í uppbyggingu og þróun þjálfunar og félagsstarfs í öllu íþróttastarfi hjá Golfklúbbnum Keili í Hafnarfirði.

Handbók þessi er unnin af íþróttastjóra GK og er hún hugsuð sem hjálpartæki fyrir golfklúbbinn.

Hún er ætluð fyrir þjálfara, iðkendur, foreldra og stjórnarmenn.

Handbókin er í raun ekki endanleg heldur þarf að endurskoða hana og þróa í takt við tímann.

Þjóðfélagið hefur breyst mikið á undanförunum árum, meiri krafa er gerð um skipulega og markvissari æfingar.

Íþróttir eru einnig góðar forvarnir gagnvart óhollum lífsstíl.

Golfklúbburinn Keilir var stofnaður 1967. Félagar í golfklúbbnum eru 1650. Þar af eru yfir 160 börn og ungmenni 21 árs og yngri og fer þeim sífellt fjölgandi.

Í gegnum tíðina hefur Golfklúbburinn Keilir (GK) verið þekktur fyrir afbragðs aðstöðu til golfiðkunar auk þess að á hverjum tíma hafa Keilismenn átt marga Íslandsmeistara í öllum flokkum og verið með kylfinga í fremstu röð á landinu og átt kylfinga í öllum landsliðum Íslands. Til marks um það má nefna að GK á að baki marga Íslandsmeistaratitla, jafnt í liðakeppni sem og í einstaklingskeppni í unglingaflokkum, fullorðins, og í flokkum eldri kylfinga.

GK á þrjá atvinnukylfinga í golfi, Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur sem leikur á Evrópumótaröð kvenna og Axel Bóasson og Gísli Sveinbergsson sem leikur á Nordic tour mótarröðinni.

Stjórn klúbbsins hefur tekið þá ákvörðun að bæta allt íþróttastarf klúbbsins og halda því við sem klúbburinn er þekktur fyrir, góða aðstöðu og frábæran árangur.

Því skal náð með því að hafa menntaða PGA golfþjálfara með góða og mikla reynslu.

Fjölbreytileiki skal vera sem mestur, lagt er áhersla á félagsstarf, heilsárs æfingaáætlanir og starfsáætlanir verða gerðar og myndaðir verða afrekshópar unglinga.

Mikil áhersla mun vera á persónulegar framfarir í golfhæfni hvers einstaklings.

Einnig á að auka aðkomu foreldra að starfinu.

Þessi handbók er ætluð að leggja grunninn að því starfi.



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
EFNISYFIRLIT.....	2
VINNUFERLI Í STEFNUMÓTUN.....	3
Íþróttaleg markmið.....	4
Félagsleg markmið.....	5
Fjármálaleg markmið.....	5
Skipurit.....	6
Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna.....	7
Umgjörð þjálfunar og keppni.....	7
Keppnir á vegum Keilis.....	8
Verðlaun og viðurkenningar.....	9
KENNSLU OG ÆFINGASKRÁ.....	9
FÉLAGSSTARF.....	10
AFREKSSTEFNA.....	11
FJÁRMÁLASTJÓRNUN.....	12
Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið.....	12
Starfsmenn Keilis.....	13
Íþróttastjóri Golfklúbbsins Keilis.....	13
ÞJÁLFAAMENNTUN.....	14
Þjálfarar hjá Keili.....	14
Samráðsfundir og samstarf þjálfara.....	14
SKIPULAG FORELDRARÁÐS.....	15
markmið.....	15
hlutverk.....	15
starfssemi.....	16
tenging við stjórn GK.....	16
FORELDRARÁÐ KEILIS.....	17
starfsreglur og hlutverk.....	18
FRÆÐSLU- OG FORVARNARSTARF.....	19
AÐGERÐIR GEGN EINELTI OG KYNFERÐISLEGU OFBELDI.....	20
JAFNRÉTTISMÁL.....	20
SIÐAREGLUR.....	20
UMHVERFISMÁL.....	24
SJÁLFBÆRNIVERÐLAUN GSÍ.....	25
ÝMSAR HUGLEIÐINGAR UM GOLF.....	26
Golfleikjaskóli Keilis.....	28
HVAR MÁ FINNA UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ.....	30
LOKAORÐ.....	30

VINNUFERLI Í STEFNUMÓTUN

Þessi handbók um íþróttastarf Keilis er afrakstur stefnumótunarvinnu sem unnin var undir forystu Karls Ómars Karlssonar íþróttastjóra Keilis og PGA kennara hjá golfklúbbnum í samvinnu við þjálfarateymi, íþróttanefnd klúbbsins og foreldraráð Golfklúbbsins Keilis.

Unnið var eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingastefnu. Golfklúbburinn Keilir starfar eftir þeirri stefnu í hvívetna.

Einnig var höfð til hliðsjónar stefna ÍBH og ÍSÍ í íþrótt og afreksmálum.



ÍÞRÓTTALEG MARKMIÐ OG STEFNA KEILIS

- Skipuleg og markviss þjálfun geti skapað öllum félagsmönnum færi á því að verða kylfingar alla ævi.
- Jafnframt er gert ráð fyrir því að þau sem það vilja velji sér afrekstefnu til að æfa eftir þannig að þau geti orðið afreksmenn seinna meir.
- Golfiðkun skal vera þroskandi líkamlega, félagslega og sálrænt.
Með því móti skapast aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga að njóta sín og æfa golf hjá Keili.
- Ráða til sín vel menntaða þjálfara.

Golfklúbburinn Keilir

- Þjálfun barna á við um börn 12 ára og yngri, en þjálfun ungmenna við einstaklinga á aldrinum 13 ára og til og með 21 ára.

FÉLAGSLEG MARKMIÐ OG STEFNA KEILIS

- Helsta markmið starfsins er að gefa öllum jöfn tækifæri til að stunda golf. Öll börn og unglingar sem vilja stunda íþróttir til þess að svara félagsþörf sinni fái að stunda golf við sitt hæfi.
- Það er markmið stjórnar GK að hver og einn félagsmaður verði stoltur að því að vera félagsmaður í golfklúbbum Keili, félagsstarfið verði blómlegt og hann geti stundað golf eins og honum hentar í fallegu umhverfi á einum besta velli landsins.
- Fjölga félögum í starfinu með kynningum á golfíþróttinni í leikskólum og grunnskólum í Hafnarfirði.
- Koma í veg fyrir brottfall.

FJÁRMÁLALEG MARKMIÐ OG STEFNA KEILIS

- Það er markmið Golfklúbbsins að rekstur klúbbsins byggi á traustum grunni og kostnaður verði ekki meiri en innkoma.
- Að bera tillögur á sviði fjármála undir stjórn GK hverju sinni
- Að klúbburinn standi við allar sínar skuldbindingar
- Að fjármál (fjárhagsáætlun) GK og ráðstöfun fjármuna til hinna ýmsu málaflokka í starfseminni séu ávallt skýr og aðgengileg.
- Markmið klúbbsins til 3 – 5 ára í senn skal vera til staðar á hverjum tíma.
- Mikilvægt er að halda vel utan um öll fjármál þannig að ekki er eytt um efni fram.
- Að rekstur skili 15% afgangi af reglulegri starfsemi.
- Stefnt er að því að flýta niðurgreiðslu skulda.



SKIPURIT GOLFKLÚBBSINS KEILIS

Stjórn Golfklúbbsins Keilis (GK) er kosin á árlegum aðalfundi félagsins samkvæmt lögum. Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra sem heyrir beint undir aðalstjórn. Aðalstjórn GK starfar eftir einföldu og gagnsæju skipuriti sem byggir á lögum félagsins, sjá mynd 1.

Starfsemi GK er skipt í fjóra málaflokka, **stjórnun og rekstur, markaðsmál, íþróttir og golfþjálfun og mannvirki og golfvöllir.**

Allir málaflokkar heyra undir aðalstjórn en framkvæmdastjóri fylgir eftir starfi nefnda og málaflokka. Fagnefnd fer fyrir hverjum málaflokki þar sem formenn fagnefnda eru skipaðir af aðalstjórn. Formenn fagnefnda koma úr röðum aðalstjórnar eða eru skipaðir félagsmönnum GK utan aðalstjórnar vegna þekkingar þeirra á viðkomandi málaflokki.

Hver fagnefnd fer yfir og setur sér stefnumótun í samvinnu við aðalstjórn í viðkomandi málaflokki og fylgir henni eftir í samvinnu við framkvæmdastjóra GK.

Á skipuritinu má sjá helstu málaflokka í hverri fagnefnd. Efnismeiri stefnumótun í starfsemi GK skal fara fram á fimm ára fresti. Hún felst meðal annars í endurskoðun á stefnu GK, skipuriti og málaflokkum.

Stefnumótun í málaflokkum skal lokið innan tveggja mánaðar frá árlegum aðalfundi GK. Stefna skal að samþættingu og samvinnu milli málaflokka og verkefna þar sem starfi í einum málaflokki skarast við aðra. Slík starfsemi kallar á samvinnu og samþættingu í málaflokkum og verkefnum.



SKIPUN STJÓRNAR KEILIS OG HLUTVERK STJÓRNENDA

Til að framfylgja markmiðum klúbbsins og tryggja að góður árangur náist í íþróttastarfi og rekstri er nauðsynlegt að stjórnun og rekstur sé í föstum skorðum og að góð samvinna sé milli allra þeirra aðila sem að starfinu koma, hvort heldur eru starfsmenn klúbbsins, nefndir og stjórnarmenn.

UMGJÖRD ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI

HVALEYRARVÖLLUR

Vallarsvæði klúbbsins er á Hvaleyrinni í Hafnarfirði. Golfvöllurinn er einn af flottustu og bestu völlum landsins sem er heimsóttur af mörgum innlendum og erlendum kylfingum.

HRAUNKOT

Öll æfingaaðstaða GK bæði inni og úti er til fyrirmyndar. Þar er 16 bása yfirbyggt æfingasvæði. Tveir golfhermar af fullkomnustu gerð, pútt og vippsvæði inni og úti.

PÚTTFLÖTINN

200 fermetra æfingaföt við golfskálann þar sem krakkar á öllum aldri leika sér á fram á kvöld og er öllum opin.



SVEINKOTSVÖLLUR

er níu holu völlum þar 27. Völlurinn er við golfskála Keilis. Þar fara fram stundum barna- og ungmennaæfingar og mót auk þess sem völluminn er mikið notaður af nýjum félögum hjá Keili.

OPNAR ÆFINGAR

Á þessum æfingum geta allir krakkar og ungmenni komið og fengið kúlur á æfingasvæðinu og æft sig sér að kostnaðarlausu. Þessar æfingar eru 2x á veturna og 2x á viku á sumrin auk almennra æfinga. Ungir félagar sem eru að æfa geta tekið með sér vini og kunningja til að kynna þeim fyrir íþróttinni.

LEIKUR Á GOLFVÖLLUM KEILIS

Allir sem hafa greitt félagsgjald í Golfklúbbinn Keili verða sjálfkrafa félagar í klúbbnum. Samt er það svo að þau sem hafa til þess forgjöf 34 og lægra fá aðgang að aðalgolfvöllinum og geta pantað þar rástíma. Aðrir leika golf með umsjón frá þjálfurum Keilis. Leikþjálfun hverjir hafa rétt til að leika á völlum o.s.frv.

Til þess að verða betri í golfi er mikilvægt að mæta vel upp á golfvöll fyrir utan æfingar til þess að æfa og leika á Hvaleyrarvelli og Sveinkotsvelli.

KEPPNIR Á VEGUM GK

Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvatning til ástundunar og framfara svo að auka megi líkur á þjálfunarmarkmiðum.

Áhersla er lögð á að allir eru með og enginn er útilokaður frá vegna getu.

Leikur og leikgleði ræður ríkjum. Áhersla er lögð á bæði einstaklingskeppni og liðakeppni í sumar var keppt á Skechers mótaröðinni, púttkeppni og þrautamót, innanfélagsmót og meistaramót Golfklúbbsins Keilis.

4-8 ára

Keppni hjá þessum aldursflokki er ekki markmið í sjálfu sér.

9-12 ára

Keppni fer fram á innanfélagsmótum og á æfingum við ýmis konar þrautir. Áhersla er lögð á liðakeppni og fá allir að vera með óháð getu. Þau sem hafa til þess forgjöf geta fengið leyfi frá þjálfara til þess að vera með á innanfélagsmótum/opin mót á landsvísu.

13-15 ára

Keppni fer fram á innanfélags, landshluta og landsvísu og hugsanlega erlendis. Liðakeppni er í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrri aldurskeið á keppni milli einstaklinga.

14-20 ára

Keppni fer fram á innanfélags, landshluta og landsvísu og hugsanlega erlendis.

Árangur í keppni er orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við það hvort sem um lið eða einstaklinga er að ræða.



VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

10 ára og yngri

Allir fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku.

11 til 12 ára

Lið vinna til verðlauna. Einstaklingur getur unnið til verðlauna í einstaklingsgreinum.

13 ára og eldri

Lið vinnur til verðlauna. Einstaklingur vinnur til verðlauna.

KENNSLU OG ÆFINGARSKRÁ

Á kennsluskra er bæði alhliða og sérhæfð golfþjálfun, stundvísi, almenn kurteisi, s.s. að geta verið rólegur og hlustað á fyrirmæli. Mikilvægt er að temja sér ýmsar reglur og siði varðandi hegðun á og við golfvöllinn og golfskála.

Í golfi er það svo að íþróttinni fylgja ýmsar reglur og siðir um hvernig hann er leikinn og almenna háttvísi. Það er nú þannig að hægt og rólega læra yngri kylfingar að leika eftir reglum íþróttarinnar. Á æfingum eru helstu reglur og siðir kynntir.

Ágætt grunnregla í mannlegum samskiptum er að koma fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.

4-8 ára

Fyrstu kynni af golfi verði jákvæð

Æfingar eru fjölbreytilegar og stuðli að bættum hreyfiþroska

Öll þjálfun fer fram í leikformi

Æfingar eiga að vera skemmtilegar

Allir fá jöfn tækifæri á að vera með og taka þátt

9-12 ára

Æfingar eru fjölbreytilegar og stuðli að bættum hreyfiþroska

Vekja áhuga á golfi fyrir lífstíð

Aðaláherslan er þjálfun í tæknilegri færni

Æfingar eiga að vera skemmtilegar

Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma er kennd

Allir fá tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu

Myndaður er hópur með afreksefnum fyrir þá sem hafa brennandi áhuga á því að verða betri í golfi



Golfklúbburinn Keilir

13-14 ára

Æfingar eru fjölbreytilegar og stuðli að bættum hreyfiþroska

Tæknileg færni er viðhaldið við það sem áður var lærð

Auka skilning á því hvernig á að leika golf

Fræðsla um heilbrigðan lífstíll og hvernig á að æfa golf

Allir unglingar fá tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu

Hópur afreksefna heldur áfra

15-21 ára

Æfingar eru alhliða og fjölþættar þannig að allir þjálfunarþættir eru teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika hvers einstaklings

Að val á milli íþróttagreina fari fram liggi áhugi til sérhæfingar

Sumir stefna að þátttöku sem afreksmenn, aðrir vilja iðka golf sem líkamsrækt eða vegna félagsskaparins

Að sérhæfð afrekspjálfun fari fram og æfingaálagið er aukið verulega

Að unglingurinn geri sér grein fyrir því hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksíþróttum

Þjálfari gerir samkomulag um þjálfun við kylfing sem vill leggja ýmislegt á sig til að verða betri.

FÉLAGSSTARF

Félagslegi þátturinn má alls ekki gleymast í þjálfuninni. Til þess að hópurinn kynnist og samlagist betur þurfa þau einnig að hittast utan æfinga til að bæta andann í hópnum. Það er hægt að gera á ýmsan hátt. Það er hægt að fara í æfingaferðir, bíó, keilu, sund og fleira auk þess sem hægt er að hafa DVD/Video kvöld, borða pizzu saman eða hafa spilakvöld.

Oft þarf að gera eitthvað í þessum dúr til þess að einstaklingum líði vel og þeim finnist þeir vera hluti af hópnum.

Það má ekki gleyma því að margir iðkendur eru í golfi nær eingöngu upp á félagsskapinn og það ber að virða það.

Þjálfarar Keilis skulu því vera vakandi fyrir því að rækta félagslega þáttinn í þjálfuninni og reyna þannig að auka ánægju iðkenda.

Markmið með félagsstarfinu hjá Keili

- að vekja, hlúa að og efla áhuga kylfinga fyrir þroskandi félagsstarfi
- að miða félagsstarf við þarfir og samkennd iðkenda
- að gefa iðkendum tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni
- auka samvinnu og hópvinnu
- að fræða
- að auka virðingu fyrir reglum og siðum



Afreksstefna Keilis

Til þess að Keilir fái fleiri kylfinga til þess að taka þátt í afreksstarfinu hjá sér og komast í fremstu röð í íþróttum á Íslandi þarf að sinna fjölmörgum þáttum innan vallar sem utan.

Það þarf að tryggja samfellu á milli stefnu og framkvæmdar þannig að árangur verði betri. Keilir hefur verkfæri í höndunum til þess að ná sínum markmiðum og hverjar eru leiðirnar að settum markmiðum.

○ SAMVINNA – TRAUST – SKIPULAG – EFTIRFYLGN

Uppbygging afreks og afreksefnabjálfunar á að vera gagnrýnið, uppbyggilegt og umfram allt gagnlegt fyrir alla aðila sem að afreksstarfinu koma.

○ UNDIRSTÖÐUÞÆTTIR

„Golf er framkvæmd undirstöðuatriða“

Geta er framkvæmd undirstöðuþátta leiksins í tengslum við líkamlega, sálfræðilega, og félagslega þætti.

○ LEIKFRÆÐILEGIR ÞÆTTIR

„Það eru undirstöðuatriðin sem skila árangri“

Leikfræðilegur árangur ræðst af leikskilningi kylfingsins og færni hans í undirstöðuþáttum leiksins.

○ LÍKAMLEGIR ÞÆTTIR

„Líkaminn er verkfæri íþróttamannsins“

Enginn kylfingur með metnað, ætti að vanmeta það að vera í góðu formi.

Allir ættu að sjá það í hendi sér hve mikilvægir þessir þættir eru fyrir afrekskylfinginn eða hinn almenna kylfing.

○ SÁLFRÆÐILEGIR ÞÆTTIR

„Eftir höfðinu stjórnast útlímirnir“

Áhugi – metnaður og vinnusemi er forsenda að getu og betri árangri

○ FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

„Virðing – kurteisi – gaman“

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Mikilvægt er að geta sett sig í spor annarra.

Hafðu áhrif á aðra og umhverfi þitt.

FJÁRMÁLASTJÓRNUN

Í dag er rekstur golfklúbbsins þannig:

1. Rekstur Golfvalla og golfsvæðis Golfklúbbsins Keilis

Golfklúbburinn Keilir hefur gert samning við Hafnarfjarðarbæ til fimm ára að sjá um rekstur og umhirðu alls svæðisins.

2. Barna- og ungmennastarf Golfklúbbsins Keilis

Framkvæmdastjóri GK og stjórn GK í samvinnu við íþróttastjóra GK og foreldraráð GK sjá um allan rekstur í barna- og ungmennastarfinu.

Bókhaldsár klúbbsins er almanaksárið frá 1. jan. til 31. des. ár hvert.

Íþróttastarfsárið er frá 1. janúar til 31. desember.

Hver eining er með sjálfstæðan reikning. Tekjur og gjöld hvernar einingar eru færð í bókhaldi sér, bókhald allra deilda er fært reglulega af framkvæmdastjóra deildarinnar og yfirfarið af endurskoðanda.

Bókhaldslyklar ÍSÍ verðar notaðir til hliðsjónar og undirflokkar verða í samræmi við flokka sem settir eru fram í meðfylgjandi fjárhagsáætlun.

Ársreikningar síðasta starfsárs voru sendir til ÍSÍ og ÍBH með starfsskýrslum.

FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR REKSTRARÁRIÐ

Íþróttastjóri Keilis og íþróttanefnd klúbbsins gerir fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og tímabil og skilar til stjórnar GK fyrir 1. maí ár hvert.

STARFSMENN GOLFKLÚBBSINS KEILIS

Ólafur Þór Ágústsson er framkvæmdarstjóri GK frá árinu 2011.

Guðbjartur Ásgeirsson er vallarstjóri golfklúbbsins. Vallarstarfsmenn eru fimm talsins allt árið en eru um 20 talsins yfir sumartímann.

Karl Ómar Karlsson er íþróttastjóri GK frá árinu 2016.

Jóhann Kristján Hjaltason er PGA þjálfari GK. Hann ásamt Karli er þjálfari allra kylfinga 21 ára og yngri og afreksskyfinga í klúbbum auk þess að sinna kennslu og þjálfun fyrir félagsmenn.

Starfsmenn klúbbsins eru launþegar. Launin miðast við menntun, reynslu og vinnuframlag.

ÍÞRÓTTASTJÓRI KEILIS

Íþróttastjóri GK er Karl Ómar Karlsson PGA golfþjálfari og kennari. Hann hefur haft veg og vanda af allri skipulagningu og starfsemi í þjálfun barna- og unglinga hjá GK. Einn þáttur af hans starfi er að gera GK að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ.

- Hlutverk íþróttastjóra
 - Sér um daglegan rekstur á öllu B&U-starfi GK
 - Mótar stefnu B&U og afreks og afreksefnastarfs alls
 - Sér um skipulag og alla starfsemi B&U starfs GK
 - Sér um samskipti við foreldra og foreldraráð Keilis
 - Sér um og setur saman rekstraráætlun í samvinnu við íþróttanefnd
 - Sér um að koma upplýsingum á framfæri á vefina keilir.is, facebook og golf.is



ÞJÁLFARAMENNTUN

Það er stefna GK að þjálfarar klúbbsins eru vel menntaðir og með mikla reynslu af þjálfun og kennslu félagsmanna. Einnig er það akkur golfklúbbsins að starfsmenn GK sækja námskeið og afli sér menntunnar og reynslu á sviði golfíþróttarinnar.

ÞJÁLFARAR HJÁ GK

Í dag er **Karl Ómar Karlsson** SPGA golfkennari og íþróttastjóri Keilis. Hann er 54 árs gamall, grunn- og framhaldsskóla kennari og hefur hann lagt sig fram um að mennta sig sem allra mest í viðbót við sína menntun. Kalli situr í stjórn PGA á Íslandi sem eru golfkennarasamtök. Einnig hefur hann í skólanefnd golfkennaraskólans sem sér um allt nám golfkennara á Íslandi.

Karl Ómar útskrifaðist frá sænska golfkennaraskólanum árið 2003. Hann hefur unnið við golfkennslu og þjálfun í mörg ár eða frá árinu 1985 á hinum ýmsu sviðum íþróttarinnar. Hann er einnig með héraðsdómararéttindi í golfi. Hann hefur einnig starfað við ýmis verkefni og þjálfun á vegum Gólf sambands Íslands.

Aðrir þjálfarar Keilis

Jóhann Kristján Hjaltason	PGA golfkennari (2009)
Ísak Jasonarson	Golfleiðbeinandi (2022)
Gunnar Geir Gústafsson	Golfleiðbeinandi (2022)
Helga Lind Þóreyjardóttir	Golfleiðbeinandi (2022)
Sigurlaug Rún Jónsdóttir	Golfleiðbeinandi (2022)
Birgir Björnsson	PGA golfkennari (2021)
Axel Bóasson	PGA golfkennari (2021) og atvinnukylfingur
Karen Sævarsdóttir	LPGA golfkennari (2011)
Björn Kristinn Björnsson	PGA golfkennari (2012)
Bjarni Frostason	Golfleiðbeinandi (2022)
Guðrún Brá Björgvinsdóttir	Atvinnukylfingur

Þau sjá um alla þjálfun og kennslu hjá hinum almenna kylfingi, börnum og ungmennum, afreks- og afreksefnakylfingum golfklúbbsins auk þess að kenna félagsmönnum golfklúbbsins.

SAMRÁÐSFUNDIR OG SAMSTARF ÞJÁLFARA

Haldnir eru vikulega fundir á milli íþróttastjóra og yfirþjálfara Keilis.

Fundir á milli foreldraráðs og íþróttastjóra eru haldnir mánaðarlega. Haldinn er fundarbók sem íþróttastjóri fer með inn á fundi íþróttanefndar.

Fundir á milli íþróttastjóra, íþróttanefndar GK og framkvæmdarstjóra GK eru haldnir reglulega. Haldinn er fundarbók og er hún send á alla meðlimi í íþróttanefndinni.



SKIPULAG FORELDRARÁÐS GK

Innan íþróttanefndar Keilis er foreldraráð starfandi. Í því ráði eru valdir foreldrar sem hafa áhuga á að efla og gera gott starf enn betra í íþróttastarfi Keilis.

MARKMIÐ OG STEFNA FORELDRARÁÐS

- Stuðla að uppbyggjandi barna og ungmennastarfi og íþróttastarfi
- Nefndin á að standa vörð um hagsmuni barna og unglinga sérstaklega nnan klúbbsins og vera rödd þeirra innan klúbbsins
- Styrkja tengsl klúbbsins við foreldra barna sem stunda golf
- Sjá um skipulag og framkvæmd viðburða í öllu starfinu
- Styðja þá kylfinga sem hafa getu og vilja til að vera meðal þeirra fremstu í golfíþróttinni

STARFSEMI FORELDRARÁÐS

- Foreldraráð er skipað til tveggja ára í senn og er dagleg ábyrgð í höndum íþróttastjóra Keilis
- Með honum starfa að lágmarki þrír foreldrar til viðbótar. Nefndin starfar frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert?

HLUTVERK FORELDRARÁÐS

- Vinnur með íþróttastjóra og íþróttanefnd klúbbsins að skipulagi keppnis- og æfingaferða
- Hafa umsjón með allri fjáröflunarvinnu í samvinnu með íþróttastjóra Keilis
- Vinna ýmis verkefni sem þau taka að sér í samstarfi íþróttastjóra Keilis

HLUTVERK Í RÁÐINU

- Íþróttastjóri GK- Skilar ársskýrslu um starf ráðsins í lok hvers starfsárs til stjórnar GK og sér um að boða til funda
- Ritari – ber ábyrgð á fundargerðum og kemur þeim til stjórnar og annarar í foreldraráðinu eigi síðar en 7 dögum eftir fund
- Fjárgæsluaðili – stendur skil á reikn. 400733 sem tilheyrir barna- og ungmennastarfi GK og sér um allan pening sem foreldraráð áskotnast. Heldur utan um allar fjáraflanir, s.s. varðandi keppnisferðir og fleira
- Aðrir meðstjórnendur, sinna ýmsum verkefnum sem lögð eru fyrir á fundum, s.s. keppnishald, leita eftir styrkjum
- Ungur fulltrúi á aldrinum 16-25 ára

TENGING STJÓRNAR GK OG FORELDRARÁÐS

- Íþróttastjóri Keilis er tengiliður stjórnar GK inn í foreldraráð Keilis
- Íþróttanefnd GK og foreldraráð GK ákveður í samráði við stjórn klúbbsins hvernig unnið skuli til að ná markmiðum golfklúbbsins Keilis

HLUTVERK FORELDRARÁÐS

- Vinnur með íþróttastjóra og íþróttanefnd klúbbsins að skipulagi keppnis- og æfingaferða
- Hafa umsjón með allri fjáröflunarvinnu í samvinnu með íþróttastjóra Keilis
- Vinna ýmis verkefni sem þau taka að sér í samstarfi íþróttastjóra Keilis

STARFSREGLUR FORELDRARÁÐS

- Í foreldraráði eru þrír til fimm einstaklingar sem skulu eiga börn og/eða ungmenni á mismunandi aldri í Golfklúbbum
- Íþróttastjóri GK tilnefnir í ráðið
- Foreldraráð starfar undir íþróttanefnd GK
- Allar athafnir og ráðagerðir sem foreldraráð ætlar að gera skulu vera ákveðnar í samráði við íþróttanefnd Keilis
- Ráðið skal funda reglulega og halda fundargerð



FORELDARSTARF

Á hverju ári tengjast fjölmargir foreldrar starfinu vegna þátttöku barna þeirra. Sumir þeirra taka virkan þátt, aðrir sýna því lítinn áhuga. Flestir þessara foreldra hætta svo afskiptum af íþróttastarfinu þegar barnið þeirra kemst á unglingsár. Þess vegna er mikilvægt að Golfklúbburinn Keilir kynni vel það golfstarf sem unnið er með á vegum klúbbsins. Mikilvægt er að hvetja foreldra til að taka þátt og gera þeim grein fyrir að öll hjálp er vel þegin.

- Mætið á golfmót og hópakeppnir, börnin æskja þess.
- Hrósið öllum leikmönnum meðan á leik eða keppni stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni.
- Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs, ekki gagnrýna.
- Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans.
- Lítið á þjálfara sem leiðbeinanda barnanna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans meðan á leik stendur.
- Hafið áhrif og hvetjið börnin til þátttöku, ekki þvinga þau.
- Spyrið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
- Leitið eftir réttum og skynsamlegum útbúnaði, ekki gera of miklar kröfur.
- Sýnið starfi félagsins virðingu.
- Verið virk á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið félagsins, þar er ykkar vettvangur.
- Gerið ykkur grein fyrir því að það eru börnin ykkar sem spila golf, ekki þið.
- Börn eru ekki fullorðið fólk.



FRÆÐSLU OG FORVARNARSTARF

GK mun fylgja stefnu Íþróttabandalags Hafnarfjarðarbæjar og ÍSÍ í vímuvarnarmálum og verður yfirlýst stefna sú að **íþróttir og vímuefni eigi ekki samleið**. Undir vímuefni falla einnig áfengi og tóbak.

Íþróttir sjá um að byggja upp heilbrigða sál í hraustum líkama en vímuefni sjá um að brjóta niður líkama og sál. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að íþróttir hafi mikið forvarnargildi gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Þjálfarar barna og ungmenna eru í lykilhlutverki, en þeir hafa stór áhrif á iðkendur með orðum sínum og verkum. Því mun meiri áhersla sem þeir leggja á skaðsemi vímuefna þeim mun meiri áhrif mun starfið hafa í baráttu við neyslu áfengis og vímuefni.

- GK mun bregðast við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri á vímuefnum með því að foreldrar verða látnir vita
- Engin slík neysla verður leyfð í ferðum á vegum íþróttanefndar Keilis
- Viðbrögð við brotum vegna þessa skal í fyrstu vera í formi tilmæla en beri það ekki árangur getur komið til banns frá æfingum eða keppnum
- Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnarstefnu klúbbsins og bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt
- Þjálfarar á vegum Keilis er í fræðsluhlutverki og eru til þess fallnir að ræða við unga iðkendur um þessi mál
- GK gerir þær kröfur til allra þjálfara, liðsstjóra, fararstjóra og íþróttafólks á vegum golfklúbbsins að það geri sér grein fyrri þeirri fyrirmynd sem þeir eru og þeim áhrifum sem þeir hafa. Hegðun okkar hefur áhrif – við erum fyrirmyndir
- GK fylgir eftir stefnu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni

AÐGERÐIR GEGN EINELTI OG KYNFERÐISLEGU OFBELDI

Einelti og kynferðislegt ofbeldi er ekki liðið hjá Golfklúbbnum Keili. Öllum á að líða vel hvort sem viðkomandi er við starfsmaður og/eða kylfingur að iðka sína íþrótt í allri golfaðstöðunni hjá Golfklúbbnum Keili.

Einelti eða kynferðislegt ofbeldi getur þrífist alls staðar þar sem fólk á samskipti án tillits til aldurs fólks, vitsmunaprofna, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu.

Allar tilkynningar um einelti eða kynferðislegt ofbeldi eru teknar alvarlega. Ef grunur er um slíkt er öllum heimilt að tilkynna um það.

Keilir vinnur eftir samræmdri viðbragðsáætlun fyrir íþróttastarf. Áætlunin er unninn í sameiningu af ýmsum aðilum.

Viðbragðsáætlunin veitir íþrótt- og æskulýðsfélögum samræmdar leiðbeiningar þegar erfið og flókin mál af ýmsum toga koma upp.

Markmið viðbragðsáætlunar er að færa aðilum innan íþrótt- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í slíku starfi.

Best er að viðbrögð allra íþrótt- og æskulýðsfélaga séu eins.

Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Viðbragðsáætlunin er einföld og á við í öllum tilvikum, óháð því um hvaða aðila og atvik er um að ræða.

Dæmi um atvik sem að viðbragðsáætlunin nær til eru slys, veikindi, náttúruhamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig eru þar gagnlegar upplýsingar um meðal annars ferðalög, hinseginleika og fjölmenningu og inngildingu í félagsstarfi, öryggismál og skráningu atvika.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarfélag, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaganna.

Þó að starfsemin geti verið misjöfn á milli félaga þá er mikilvægt að öllum líði vel við leik og störf í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Allt fólk á að geta gengið að því vísu að félagsstarf þess bjóði upp á öruggt umhverfi og að fólk fái að vera óáreitt í félagsstarfinu, óháð aldri, kynferði eða stöðu að öðru leyti.

Sömuleiðis á allt fólk að geta leitað réttar síns ef atvik koma upp, án þess að óttast afleiðingar.

Ýmis atvik geta komið upp og mikilvægt er að geta brugðist við á sem bestan máta.

Tilkynna ber um það til framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra eða vallarstjóra Keilis í tölvupósti.

Þessir aðilar verða að kunna að sýna gott fordæmi, taka á árekstrum og vandamálum tengd því og leiða þau til lykta í sátt við þá sem hlut eiga að máli.

Þessir aðilar skipa teymi innan klúbbsins sem sjá um að tala við viðkomandi aðila. Fyrst skal tala við þann sem að eineltið/ofbeldið beinist að, síðan að þeim sem að því standa og afla sér frekari upplýsinga um hvað er í gangi og setja af stað aðgerðaráætlun sem miðlar af því að uppræta eineltið/ofbeldið.

Teymið vinnur með aðilum í allt að þrjá mánuði og skal málinu lokið með undirskrift.



JAFNRÉTTISMÁL HJÁ GK

- Ekki er gerður greinarmunur á kyni, þjóðerni eða þjóðfélagsstöðu iðkenda hjá Golfklúbbnum Keili
- Keilir gerir sömu kröfur til stúlkna og drengja og vill sinna þeim jafn vel
- Keilir greiðir þjálfurum sínum sömu laun hvort sem þeir eru að þjálfna drengi eða stúlkur

SIÐAREGLUR KEILIS

Hvað eru siðareglur?

Siðareglur eiga að veita öllum félagsmönnum, starfsmönnum, þjálfurum, foreldrum og öllum þeim sem koma að starfinu almennar leiðbeiningar bæði í leik og starfi.

Þær eru ekki tæmandi en eiga að vera til ábendingar og vera hvetjandi.

Aðhald felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

Siðareglurnar skal kynna öllum þeim sem að starfinu koma.

Hjá Golfklúbbnum Keili er unnið eftir jafnréttisáætlun, forvarnarstefnu og siðareglum og hafa öll þessi gögn fengið samþykki í tengslum við fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Þú sem félagsmaður í Golfklúbbnum Keili ættir að:

- Gera alltaf þitt besta.
- Virða allar reglur og venjur varðandi heiðarleika í íþróttum.
- Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.
- Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.
- Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
- Þræta ekki eða deila við þjálfarann eða dómarann.
- Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
- Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
- Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Þú sem þjálfari í Golfklúbbum Keili ættir að:

- Meðhöndla alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
- Styrkja jákvæða hegðun og framkomu.
- **Sjá** til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
- **Halda** á lofti heiðarleika golfíþróttarinnar.
- **Viðurkenna og sýna** virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
- Fá iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenna þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
- **Vera** réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart **öllum** iðkendum í starfinu hjá þér.
- Viðhafa jákvæða gagnrýni og **forðast skal** neikvæða gagnrýni.
- Huga ávallt að heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
- Sýna þeim iðkendum athygli og umhyggju sem orðið hafa fyrir **veikindum eða meiðslum**.
- Leita samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
- Viðurkenna rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
- Samþykkja aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- Beita iðkanda aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.
- Aldrei að aka iðkendum, hvorki á leiki né æfingar, **nema með leyfi foreldra**.
- Sinna iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð.
- Forðastu að hafa samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
- Vera meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan.
- Tala alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja.
- Tala ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
- Koma eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
- Notfæra aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
- Hafa ávallt í huga að þú ert að byggja upp **einstaklinga**, bæði líkamlega og andlega.
- Koma þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.

Golfklúbburinn Keilir

Þú sem stjórnarmaður/starfsmaður hjá Golfklúbbnum Keili ættir að:

- Standa vörð um anda og gildi **Golfklúbbsins Keilis**.
- Koma fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
- Hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- Halda félagsmönnum vel upplýstum og gera félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
- Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
- Taka ábyrgð alvarlega sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
- Hafa ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
- Reka félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
- Notfæra sér aldrei stöðu **sína hjá** félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

Þú sem foreldri/forráðamaður barna og ungmenna í Golfklúbbnum Keili:

- Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju.
- **Það er gaman í golfi, alls ekki vera með of miklar kröfur.**
- **Mættu á golfmót, golfæfingar og ýmsa atburði tengda golfinu**, ef börnin óska þess.
- Best er að **aðstoða og hrósa** öllum **ungum kylfingum** meðan á leik eða keppni stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni.
- **Hvetja skal barn** bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.
- **Berðu virðingu** fyrir störfum þjálfarans.
- **Þjálfari eru leiðbeinendandi barnanna**, varast skal **að gagnrýna ákvarðanir hans** meðan á æfingu eða leik stendur.
- **Hafðu áhrif og hvettu barnið þitt til þátttöku.**
- **Spurðu barnið** hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, skor eða úrslit eru ekki alltaf aðalatriðið.
- **Leitaðu** eftir réttum og skynsamlegum **útbúnaði fyrir viðkomandi**.
- **Sýndu starfi golfklúbbsins virðingu.**
- **Vertu virkur** á foreldrafundum þar sem umræður fara fram **um starfsemi barna og ungmenna í golfþjálfun**.
- **Gerðu þér grein** fyrir því að **barnið þitt er að leika golf**, ekki þú.
- **Hafðu í huga að barn** eru ekki **fullorðinn einstaklingur**.
- **Vertu duglegur að hafa samband við viðkomandi aðila ef það er eitthvað sem betur má fara eða um það sem er vel gert.**



Golfklúbburinn Keilir

Golfklúbburinn Keilir hvetur alla þá sem telja sig hafa orðið fyrir einelti eða ofbeldi af einhverju tagi, eða hafa vitneskju um slíkt, að tilkynna það sem fyrst til framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra- eða vallarstjóra Keilis. Þar verður málið sett í viðeigandi farveg.

Öllum á að líða vel hvort **sem viðkomandi er kylfingur og/eða starfsmaður að iðka sína íþrótt/atvinnu** í allri golfaðstöðu hjá Golfklúbbum Keili.

Einelti verður ekki liðið og allar tilkynningar um einelti,-kynferðislegt áreiti eða annað ofbeldi eru teknar alvarlega.

Ofangreindir aðilar skipa teymi innan klúbbsins sem skal afla frekari upplýsinga um meint einelti/ofbeldi og setja af stað aðgerðaráætlun sem miðar að því að uppræta það.

Alltaf skal tilkynna alvarlegt ofbeldi til lögreglu.

UMHVERFISMÁL KEILIS

Golfklúbburinn Keilir hefur nú hlotið GEO Certified™-sjálfbærni- og umhverfissvottunina, sem gefin er út af GEO, Golf Environment Organization.

GEO eru umhverfissamtök sem starfrækir vottunarkerfi fyrir golfvelli. Samtökin njóta víðtæks stuðnings innan golfhreyfingarinnar á heimsvísu og vinna náið með aðilum utan golfheimsins líkt og UNEP, umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna, og eru aðilar að ISEAL, alþjóðlegum samtökum umhverfismerkja.

Á liðnum árum hefur Golfklúbburinn Keilir stigið ýmis framfaraskref í þágu umhverfisverndar og sjálfbærni, sem felur jafnframt í sér aukin gæði og hagræðingu í rekstri. Meðal slíkra verkefna eru samstarf við álverið í Straumsvík til að endurnýta kælivatn, sem klúbburinn notar til vökvunar, og nýting gamalla mannvirkja sem áður tilheyrðu Sædýrasafninu í þágu heilsárs æfingaaðstöðu.

Allt er þetta í anda hugmyndafræðinnar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun, sem klúbburinn hefur einsett sér að starfa eftir í framtíðinni.

Í skýrslu úttektaðila segir að Hvaleyrarvöllur sé skrautfjöldur fyrir Hafnarfjarðarbæ, þar sem golfleikurinn sé nýttur sem jákvætt afl í þágu ábyrgar umgengni um land og iðkaður sem heilsusamleg útivist sem stunda má gegn hóflegu gjaldi.

Leikurinn sé þannig aðgengilegur fólki úr öllum áttum og á öllum aldri. „Þessu hefur Golfklúbburinn Keilir áorkað, þökk sé sterkri vitund klúbbsins um sjálfbærni og umhverfismál, sjálfböðavinnu ötulla félagsmanna og hið víðtæka samstarf hans við fyrirtæki og sveitarfélag,“ segir enn fremur í skýrslunni.

Golf Environment Organization var stofnað árið 2006 til að hvetja til aukinnar vitundar um sjálfbærni og umhverfismál í golfhreyfingunni á heimsvísu.

GEO eru þau umhverfissamtök innan golfheimsins sem náð hafa einna bestri fótfestu á liðnum árum og eru þau studd af öllum stærstu samtökum hreyfingarinnar, s.s. R&A í St. Andrews, evrópsku mótaraðarinnar og Ryder-bikarsins.



Golfklúbburinn Keilir

Síðan fyrsti völlurinn fékk vottun árið 2009, þá hafa liðlega eitt hundrað golfvelli víða um heim hafa nú hlotið GEO Certified™-vottunina, þar á meðal eru þekktir og nafntogaðir velli á borð við gamla völinn í St. Andrews, Carnoustie og Turnberry sem margir golfhugamenn þekkja.

Golfklúbburinn Keilir er mjög stoltur af því að vera kominn í svo glæsilegan félagsskap.

Nánar má lesa um Golf Environment Organization á <http://golfenvironment.org>

Vottunarumsókn Keilis og skýrslu úttektaraðila má lesa á vef Golf Environment Organization http://www.golfenvironment.org/directory/362_golfkl_bburinn_keilir

SJÁLFBÆRNIVERÐLAUN GSÍ

Sjálfbærniverðlaun Gólf sambands Íslands voru afhent í fyrsta sinn á dögunum. Golfklúbburinn Keilir úr Hafnarfirði fékk þessa viðurkenningu.

Guðbjörg Guðmundsdóttir, formaður Keilis, tók við viðurkenningunni fyrir hönd klúbbsins, á þingi Gólf sambands Íslands í dag. Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ greindi frá verðlaununum og afhenti viðurkenninguna.

Golfklúbburinn Keilir hefur verið einn af þeim golfklúbbum sem hefur verið leiðandi á sviði sjálfbærni undanfarna áratugi innan golfhreyfingarinnar. Hugsjónir sem hafa starfsemi klúbbsins er varða sjálfbærni og skynsamleg nýtingu auðlinda. Klúbburinn hefur ávallt sett í forgang og sýnt fram á að sjálfbærni- og umhverfissjónarmið eru í hávegum höfð í innkaupum og allri starfsemi félagsins.



Á liðnum árum hefur Golfklúbburinn Keilir stigið ýmis framfaraskref í þágu umhverfisverndar og sjálfbærni, sem felur jafnframt í sér aukin gæði og hagræðingu í rekstri. Meðal slíkra verkefna eru samstarf við álverið í Straumsvík til að endurnýta kælivatn, sem klúbburinn notar til vökvunar, og nýtingu gamalla mannvirkja sem áður tilheyrðu Sædýrasafninu í þágu heilsárs æfingaaðstöðu. Allt er þetta í anda hugmyndafræðinnar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun, sem klúbburinn hefur einsett sér að starfa eftir í framtíðinni.

Í skýrslu úttektaraðila GEO segir að Hvaleyrarvöllur sé skrautfjöður fyrir Hafnarfjarðarbæ, þar sem golfleikurinn sé nýttur sem jákvætt afl í þágu ábyrgar umgengni um land og iðkaður sem heilsusamleg útivist sem stunda má gegn hóflegu gjaldi. Leikurinn sé þannig aðgengilegur fólki úr öllum áttum og á öllum aldri. „Þessu hefur Golfklúbburinn Keilir áorkað, þökk sé sterkri vitund klúbbsins um sjálfbærni og umhverfismál, sjálfbærni og öflugni félagsmanna og hið víðtæka samstarf hans við fyrirtæki og sveitarfélag,“ segir enn fremur í skýrslunni.



Golfklúbburinn Keilir

Viðurkenningar

- ✓ GEO – umhverfissvottun frá 2014
- ✓ Umhverfisverðlaun Hafnarfjarðar árið 2017
- ✓ Rafvæðing sláttur og týnsla á æfingasvæði
- ✓ Affallsvatn frá nærliggjandi álveri nýtt
- ✓ Ábyrg áburðargjöf
- ✓ Golfklúbburinn Keilir er fyrirmyndarfélag ÍSÍ
- ✓ Hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði 2003
- ✓ Verðlaun fyrir besta vallarstjóra 3 sinnum
- ✓ Verðlaun fyrir íþróttakarl/kona Hafnarfjarðar 9 sinnum
- ✓ World Golf Awards útnefndu Hvaleyrarvöll einnig sem besta golfvöllinn á Íslandi 2015
- ✓ Besti íslenski golfvöllurinn hjá hinu virta golftímariti Golf Digest 2014
- ✓ Verðlaun fyrir GSÍ sjálfbærðaliða ársins árið 2017

ÝMSAR HUGLEIÐINGAR UM GOLF

GOLF ER FRÁBÆR FJÖLSKYLDUÍÞRÓTT

Það er oft talað um það að golfíþróttin sé skemmtilegasta íþróttin fyrir alla aldurshópa.

Hægt er að stunda golf eftir sínum formerkjum. Allir í fjölskyldunni geta leikið golf saman.

Það skiptir engu máli hvort þú ert mamma eða pabbi, amma eða afi, systir eða bróðir, frændi eða frænka, barn eða unglingur, ungur eða gamall.

Allir sem geta valdið kylfu geta leikið golf og gert það alla ævi.

HVERNIG GERIST ÉG FÉLAGI Í GK?

Hægt er að prófa að mæta á æfingar og athuga hvort golf er eitthvað fyrir þig. Ágætt er að hafa samband við íþróttastjóra eða yfirþjálfara GK og veita þér upplýsingar um æfingatíma sem hentar þér.

Ef þú vilt halda áfram þá verður golfklúbburinn að fá skriflegt leyfi frá foreldrum/forráðamönnum þínum um að þú megir gerast félagi í golfklúbbum.

Með því að fylla út skráningarblaðið sem hægt er að fá á Keilir.is eða á skrifstofu GK getur þú tekið þátt í frábæru starfi sem hentar vel bæði stelpum og stráku.



ER DÝRT AÐ VERA Í GOLFI?

Það er ekki dýrt að taka þátt í golfíþróttinni miðað við margar aðrar íþróttagreinar.

Æfingagjaldinu er stillt í hóf og hægt er að fá golfsett fyrir byrjendur frá kr. 10.000 til 25.000.

Einnig er hægt að fá kylfur og kúlur lánaðar á æfingunum sjálfum. Aðrir fylgihlutir s.s. golfskór, golfhanski, golfkerra eru ekki nauðsynlegir til að byrja með.

AÐ VERA FÉLAGI Í GOLFKLÚBBI

Hægt er að æfa golf allan ársins hring hjá golfklúbbnum Keili. Það kostar ekkert að gerast félagi en allir sem að æfa golf undir handleiðslu þjálfara greiða æfingagjald einu sinni á ári og gildir það fyrir allt árið.

Í október er tekið frí á æfingum.

HVAÐ ER INNIFALIÐ Í ÆFINGAGJALDI GK

- Þú ert félagi í Golfklúbbnum Keili
- Frábær félagskapur
- Á sumrin er skipulögð kennsla og golfþjálfun í bland við leiki, æfingar 2x í viku og opnar æfingar 2x í viku
- Á veturna eru æfingar 2-3x í viku
- Þú færð æfingabolta til að nota fyrir utan æfingar
- Skechers mótaröðin fyrir krakka 6-15 ára
- Skemmtilegar uppákomur og golfferðalag í sumar
- Golfkylfur og kúlur eru lánað ef þú átt ekki golfdót
- Hægt að vera upp á golfvelli allan daginn í allt sumar!

GOLFLEIKJASKÓLI KEILIS

Golfleikjaskóli Keilis er starfræktur á hverju sumri.

Á golfnámskeiðinu er farið yfir alla helstu þætti golfleiksins, reglur og golfsiði á vikulöngum námskeiðum.

Markmið golfleikjanámskeiðanna:

- eru fyrir allar stelpur og stráka á aldrinum 5 til 12 ára
- að fyrstu kynni af golfi eru jákvæð og það er gaman að leika golf
- farið verður í helstu þætti golfleiksins, allt frá púttum til upphafshögga
- leiknar eru nokkrar golfholur á golfvelli- kennsla er gjarnan í formi golfleikja ýmisskonar
- áhersla er á að kynna helstu golfsiði og golfreglur fyrir nemendum
- iðkendur geta verið með á fleiri en einu námskeiði

Hægt er að velja um námskeið frá kl. 9:00 – 11:45 eða kl. 12:30 – 15:15

Haldin eru tvö námskeið á dag í 5 til 7 vikur á hverju sumri.

Hægt er að fá lánaðan golfbúnað meðan á námskeiði stendur.

Allir eiga að mæta með hollt og gott nesti.

Krakkarnir kynnast einnig leikjum og æfingum með svokölluðum SNAG búnaði, en hann hentar sérlega vel til að auðvelda iðkendum að ná betri tókum á íþróttinni og að auka skemmtanagildið.

Umsjónarmenn golfleikjaskólans hjá Keili er í höndum íþróttastjóra Keilis og afreksefnum Golfklúbbsins sem eru á aldrinum 16 til 25 ára.

Allir krakkar sem ljúka námskeiðinu fá aðild að Sveinskotsvelli og eru skráð sem félagsmenn í Keili.

Námskeiðum lýkur með pylsuveislu og afhendingu viðurkenningarskjals frá GK.



Golfskóli Keilis

Fyrir stráka og stelpur fædd 2010 og yngri

Markmið skólans er að fyrstu kynni af golfi eru jákvæð og það er gaman að leika golf

**12 ára
og yngri**

1 13. - 16. júní kl. 9:00 -12:00

Fjórir dagar (mán. til fim.)
Verð: 12.000 kr.-

2 27. júní - 1. júlí kl. 9:00 -12:00

Fimm dagar (mán. til fös.)
Verð: 15.000 kr.-

3 11. - 14. júlí kl. 9:00 -12:00

Fjórir dagar (mán. til fim.)
Verð: 12.000 kr.-

4 18. - 22. júlí kl. 9:00 -12:00

Fimm dagar (mán. til fös.)
Verð: 15.000 kr.-

5 25. - 29. júlí kl. 9:00 -12:00

Fimm dagar (mán. til fös.)
Verð: 15.000 kr.-

6 8. - 11. ágúst kl. 9:00 -12:00

Fjórir dagar (mán. til fim.)
Verð: 12.000 kr.-

7 15. - 19. ágúst kl. 9:00 - 12:00

Fimm dagar (mán. til fös.)
Verð: 15.000 kr.-



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Með að taka þátt á golfleikjanámskeiðunum verður viðkomandi með aukaaðild að Golfklúbbum Keili. Innifalið er aðgangur að Sveinskotsvelli.

Ef viðkomand hefur áhuga á því að æfa golf hjá Keili þá eru hópaæfingar samkvæmt æfingaskipulagi á Sportabler frá kl. 13:00-16:00 alla daga nema föstudaga.

Hægt er að æfa golf hjá Keili frá fimm ára aldri.

Umsjón með golfleikjaskólanum hefur Karl Ómar Karlsson íþróttastjóri Keilis og veitir hann allar nánari upplýsingar á netfangið kalli@keilir.is

Skráning hefst 5. maí rafrænt á skráningarformi á <https://www.sportabler.com/shop/gk>
Nánari upplýsingar um golf hjá Keili er að finna inn á keilir.is undir liðnum íþróttastarf og golfleikjaskóli.

UPPLÝSINGAR UM ÍPRÓTTASTARF KEILIS

Heimasíða Golfklúbbsins Keilis er **Keilir.is** og einnig á **Facebook**.

Þar má finna fréttir um íþróttastarf Keilis á síðunni. Þessi heimasíða er notuð til að tilkynna ýmsa viðburði og ef golfþjálfari þarf að koma skilaboðum á framfæri t.d. vegna æfinga.

Einnig heldur þjálfari úti Facebook síðu fyrir alla foreldra iðkenda í barna- og ungmennastarfinu.

Auk þess notað Keilir Sportabler appið sem

LOKAORÐ

Íþróttastarf er uppeldisstarf. Þar læra allir kylfingar að fylgja settum reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur. Íþróttþjálfarar og foreldrar hafa því mikilvægu uppeldishlutverki að gegna.

Mikilvægt er að þau séu meðvitaðir um þetta hlutverk og séu vel undir það búnir. Allt sem þeir segja og gera felur í sér skilaboð til krakkana.

Skýr stefna er mikilvægt verkfæri til að ná sem bestum árangri bæði á sviði golfíþróttarinnar og við uppeldisstarfi.

Með þessari golfnámskrá er þjálfurum, gefin ákveðin rammi til að vinna eftir við þjálfun hjá GK. Jafnframt gerir námskráin það að verkum að enginn greinarmunur er gerður á þjálfun stelpna eða stráka.

Með markvissi þjálfun og góðu skipulagi hjá Golfklúbbum Keili er börnum skapaðar góðar aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- eða alþjóða mælikvarða.

Hafa skal það hugfast að ekki velja öll börn eða unglingar sér afreksmennsku eða keppnismennsku í golfi.

Er þá gert ráð fyrir því hjá GK að þeir einstaklingar fái að stunda íþróttina við sitt hæfi.

Gæðin segja meira en magnið en alltaf er hægt að gera gott starf betur.

Áfram Keilir

